

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kennarasamband Íslands
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein
Eingreiðsla

Við undirritun greiðist eingreiðsla 50.000 kr. miðað við fullt starf tímabilið mars 2011 – apríl 2011. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

3. grein
Launahækkunarir

Launahækkunarir verða með eftirfarandi hætti:

1.5.2011:	4,25%
1.3.2012:	3,50%
1.3.2013:	3,25%
1.3.2014:	Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í janúar 2014. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað skemur skulu fá hlutfallslega greiðslu.

4. grein
Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	48.800 kr.	sérstakt álag	15.000 kr.
Á árinu 2012	50.500 kr.		
Á árinu 2013	52.100 kr.		

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2011	26.900 kr.	sérstakt álag	10.000 kr.
Á árinu 2012	27.800 kr.		
Á árinu 2013	28.700 kr.		

5. grein

Lengdur uppsagnarfrestur

Kafli 17. Uppsagnarfrestur

17.1.1 Uppsagnarfrestur eftir tíu ára samfelld starf

Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfelld starf hjá sömu stofnun, er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára
3. 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

6. grein

Samningsforsendur

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði, eftir 1. janúar 2012, sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja samningnum upp fyrir 15. febrúar 2012 eða 2013 og fellur hann þá strax úr gildi.

Leiði endurskoðun nefndarinnar sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði aftur á móti til þess að þar náist samkomulag um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

7. grein

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 16. júní 2011 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2011

f.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Berglind Rós Magnúsdóttir (sign.)
Ágústa H. Gústafsdóttir (sign.)
Björn Rögnvaldsson (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)

f.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Aðalheiður Steingrímisdóttir (sign.)
Elna Katrín Jónsdóttir (sign.)
Brynjólfur Eyjólfsson (sign.)
Ágúst Ásgeirsson (sign.)
Ægir Sigurðsson (sign.)
Hanna B. Vilhjálmsdóttir (sign.)

**Bókanir með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
dags. 26. maí 2011**

Bókun 1

Verði samið um breytingar á algildum greinum kjarasamninga ríkisstarfsmanna eftir gerð þessa kjarasamnings þá ætla aðilar að þær breytingar eigi einnig við kjarasamning KÍ eftir því sem við getur átt. Aðilar sammælist um hvernig fara skuli með slíkar breytingar.

Verði í öðrum samningum samið um ólíka aðferðafræði launahækkana og ákvæða um stofnanasamninga munu aðilar fjalla sameiginlega um áhrif þess miðað við aðferðir þessa samnings.

Bókun 2

Samningsaðilar munu fjalla um niðurstöður aðlögunarstarfs á vegum mennta- og menningarmálaráðherra og gera viðeigandi breytingar til samræmis við þær.

Samningur aðila um breytingarnar liggja fyrir 1. september 2012 og verði borinn undir atkvæði félagsmanna KÍ í framhaldsskólum í september 2012 að undangenginni kynningu.

Ljúki þessari vinnu ekki fyrir tilskilinn tíma eða breytingarnar verði ekki samþykktar heldur kjarasamningurinn engu að síður gildi sínu.

Bókun 3

Þróun skólastarfs og nýrrar námskrár eru að verða almenn verkefni skóla og kennara. Aukins sveigjanleika er einnig krafist í verkefnum og breytingar eru að verða á kröfum til skólanna vegna sérstaks átaks stjórnvalda *Nám er vinnandi vegur* í samstarfi aðila vinnumarkaðsins og Vinnumálastofnunar. Átakið felur í sér að haustið 2011 munu framhaldsskólar taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla inntökuskilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011. Vægi starfstengds náms verður aukið og nýir námsmöguleikar opnast fyrir atvinnuleitendur. Kennarar, náms- og starfsráðgjafar og skólastjórnendur eru lykilmálverk í framgangi þessa verkefnis og markmiðum þess verður ekki náð nema með frumkvæði og virkri þátttöku þeirra.

Til þess að styrkja þessa framkvæmd fái framhaldsskólar viðbótarfjármagn sem svari til eins launapreps. Sá stuðningur við skólastarfið komi til framkvæmda 1. október 2011 og dreifist jafnt á alla félagsmenn KÍ. Aðilar hugi að því að slíkt álagsprep verði hluti af útfærslu með samningi skv. bókun 2 og komi þeim samningi til viðbótar, en falli brott sem sérstakt prep.

Bókun 4

Þar til niðurstöður aðlögunarvinnu mennta- og menningarráðuneytisins liggja fyrir vilja aðilar staðfesta að þeir eru sammála um að vegna fjarkennslu geti skólameistarar á grundvelli gr. 2.1.2 í kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs samið við starfsmenn um aðrar mælistikur á kennslu en kennslustundir t.d. á grundvelli nemendafjölda. Slíka samninga skal gera í samráði við fulltrúa stéttarfélags innan viðkomandi stofnunar.

**Bókanir með kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
dags. 26. maí 2011**

Bókun 5

Ljóst er að framhaldsskólar munu á næstu árum ganga í gegnum verulegar umbreytingar á starfi sínu og þar með starfsháttum kennara. Sérstaklega mikilvægt er því að fylgjast grannt með þróun starfskjara í skólum. Einnig er aldurssamsetning stéttarinnar með þeim hætti að gæta þarf að því að nýliðun verði með eðlilegum hætti og vel menntaðir kennarar veljist til starfa.

Aðilar munu því í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið kanna í lok hvers skólaárs hver launþróun félagsmanna KÍ hefur verið næstliðið skólaár, skólaárin 2011-2012 og 2012-2013. Við þá skoðun skal gæta að áhrifum annarra launahreyfinga, svo sem almennra launahækkana, sérstakra vinnukaupa eða kerfisbreytinga. Sama gildir um áhrif sem eru sambærileg við seinni lið bókunar 1. Markmiðið er að bregðast sérstaklega við óæskilegri þróun sem fyrst.

Viðmið í þessari skoðun verði sambærilegir hópar háskólamanna í þjónustu ríkisins.